72

# Aætlun aukapóstanna 1923.

**1. Milli Reykjavíkur og Hafnarfjarðar** gengur póstur hvern mánudag, miðvikudag og laugardag, með bíl þegar fært er. Frá *Hafnarfirði* kl. 1 síðdegis, en frá *Reykjavík* kl. 3.

**2. Milli Reykjavíkur og Garðsauka** gengur póstvagn í viku hverri frá því í júní og fram í október.

**3. Milli Reykjavíkur og Þingvalla** verður póstur sendur með vögnum í júlí og ágúst.

**4. Gullbringupóstarnir eru fimm:**

a. Fyrsti fer frá *Reykjavík*, eftir komu aðalpóstanna til Reykjavíkur, um *Hafnarfjörð* og *Þórustaða*, til *Keflavíkur*, og snýr sömu leið til baka.

b. Annar fer frá *Gerðum* til *Keflavíkur* fyrir komu fyrsta aukapósts þangað, og snýr sömu leið til baka.

c. Þriðji fer frá *Keflavík*, eftir komu fyrsta aukapósts, til *Kirkjuvogs* og sömu leið til baka.

d. Fjórði fer frá *Keflavík* til *Járngerðarstaða*, eftir komu fyrsta aukapósts, og sömu leið til baka.

e. Fimti fer frá *Gerðum*, eftir komu annars aukapósts þangað, til *Sandgerðis* og sömu leið til baka.

Frá byrjun maí til októberloka verður póstur sendur frá *Reykjavík* til *Keflavíkur* með bílum í hverri viku, og jafnoft verður póstur sendur frá *Gerðum* til *Keflavíkur*.

**5. Kjósarsýslupóstarnir eru tveir:**

a. Fyrsti fer frá *Reykjavík*, eftir komu aðalpóstanna til Reykjavíkur, um *Brautarholt* að *Reynivöllum* í Kjós og snýr aftur sömu leið til *Reykjavíkur*.

b. Annar fer frá *Reykjavík*, eftir komu aðalpósta þangað, að *Varmá*.

**6. Borgarfjarðarpóstarnir eru níu:**

a. Fyrsti fer frá *Akranesi*, eftir komu Faxaflóabátsins þangað í aðalpóstferð, um *(Ós)*, *Vogatungu*, *Saurbæ*, *(Geitaberg)*, *(Grund)*, *Hest*, *(Varmalæk)*, *Hvítárbakka*, *(Stafholtsey)*, *(Arnarholt)* að *Munaðarnesi*, í veg fyrir aðalpóst og heldur sömu leið til baka til *Akraness*.

b. Annar fer frá *Hesti*, eftir komu fyrsta aukapósts frá Akranesi, um *Lund*, *(Reyki)* að *(Fitjum)* og snýr þaðan aftur að Hesti.

c. Þriðji fer frá *Borgarnesi*, eftir komu aðalpósta frá Reykjavík, um *Munaðarnes*, *(Steina)*, *Norðtungu*, *Deildartungu*, *Reykholt*, *(Stóraás)* að *Gilsbakka* og snýr þaðan aftur um *Norðtungu* og *Munaðarnes* að *Borgarnesi*.

d. Fjórði fer frá *Munaðarnesi*, eftir komu aðalpóstsins frá Stað, að *Hvítárbakka*, og snýr sömu leið til baka.

e. Fimti fer frá *Vogatungu*, eftir komu fyrsta aukapósts frá Akranesi, að *(Fiskilæk)* og snýr aftur sömu leið til *Vogatungu*.

f. Sjötti fer frá *Saurbæ*, eftir komu fyrsta aukapósts frá Akranesi, að *(Þyrli)* og snýr aftur sömu leið til baka.

g. Sjöundi fer frá *Hesti*, eftir komu fyrsta aukapósts frá Akranesi um *(Skeljabrekku)* að *(Hvanneyri)* og snýr sömu leið til baka aftur.

h. Áttundi fer frá *Kúludalsá* eftir komu Faxaflóabátsins í aðalpóstferð, til *Akraness* um *(Innra- og Ytra-Hólm)* og snýr aftur sömu leið að *Kúludalsá*.

i. Níundi fer frá *Deildartungu*, eftir komu þriðja aukapósts, um *(Stóra-Kropp)*, *Brúsholt*, *(Geirshlíð)* og *(Litla-Kropp)*, að *Norðtungu* fyrir komu nefnds aukapósts, á bakaleið.

**7. Mýrasýslupóstarnir eru þrír:**

a. Fyrsti fer frá *Borgarnesi*, eftir komu aðalpósts frá Reykjavík, um *(Jarðlangsstaði)*,

*(Stangarholt), (Valbjarnarvelli)* að *(Grímsstöðum)* og þaðan beint til *Borgarness.*

b. Annar fer frá *Álftanesi* um *(Smiðjuhól)* og *(Langárfoss)* til *Borgarness* daginn áður en póstar leggja af stað þaðan norður og vestur, og snýr aftur sömu leið til baka, en kemur við á *(Hofstöðum)* og *(Vogalæk).*

c. Þriðji fer frá *Brúarfossi* eftir komu Stykkishólmspósts, um *(Akra)* að *(Seljum).*

### 8. Stykkishólmspósturinn

fer frá *Borgarnesi,* þegar Faxaflóabáturinn er kominn þangað íaðalpóstferð,um *(Arnarstapa), Brúarfoss, Garða, Dalsmynni, Gröf* og *(Skjöld)* til *Stykkishólms* og snýr aftur eftir 36 stunda viðstöðu þar sömu leið að *Borgarnesi.*

### 9. Snæfellsnessýslupóstarnir eru sex:

a. Fyrsti fer frá *Gröf,* eftir að Stykkishólmspósturinn er þangað kominn frá Borgarnesi, um *Staðastað, Búðir, Ólafsvík* til *Sands,* og snýr þaðan aftur eftir eyktardvöl sömu leið að *Gröf* og sje kominn þangað nógu snemma til að ná í Stykkishólmspóstinn á bakaleið. Póstur þessi skal standa við í Ólafsvík svo lengi, að hann fari eigi af stað þaðan á bakaleið fyrr en 16 stundum eftir að hann kom þangað frá Gröf.

b. Annar fer frá *Stykkishólmi,* eftir komu aukapóstsins frá Stað, og fer um *Grundarfjörð, Brimilsvelli, Ólafsvík* að *Sandi;* síðan snýr hann aftur um *Ólafsvík, Búðir, Staðastað* og *(Skjöld)* til *Stykkishólms.* Aukapóstur þessi kemur við í *(Fjarðarhorni)* þegar hann fer um Grjótháls.

c. Þriðji fer frá *Arnarstapa* fyrir komu fyrsta aukapósts að *Búðum,* en eftir komu hans snýr hann aftur sömu leið að *Arnarstapa.*

d. Fjórði fer frá *Grundarfirði* fyrir komu Stykkishólmspósts frá Borgarnesi til *Stykkishólms;* síðan snýr hann sömu leið til baka aftur og kemur við á *(Fjarðarhorni),* þegar hann fer um Grjótháls, og *(Berserkjahrauni)* í báðum leiðum.

e. Fimti fer frá *Ólafsvík,* eftir komu fyrsta aukapósts, að *Brimisvöllum* og sömu leið til baka.

f. Sjötti fer frá *Sandi,* eftir komu fyrsta aukapósts að *(Saxhóli)* og sömu leið til baka. 72

### 10. Flateyjarpósturinn

fer frá *Stykkishólmi* um *(Elliðaey), (Bjarneyjar)* til *Flateyjar* eftir komu aukapóstsins frá Borgarnesi og snýr aftur sömu leið til *Stykkishólms.*

Póstbáturinn staðnæmist fyrir utan lendinguna í (Elliðaey) og (Bjarnareyjum) og bíður þar alt að fjórðungi stundar til þess að gefa ábúendunum kost á því að sækja póst sinn út í bátinn.

### 11. Dalasýslupóstarnir eru fimm:

a. Fyrsti fer frá *Stykkishólmi* um *Breiðabólstað* á Skógarströnd, *(Bugðustaði), Sauðafell* og *Búðardal* svo tímanlega, að hann nái að *Stað* áður en aðalpóstar leggja af stað þaðan; eftir komu þeirra snýr hann aftur sömu leið til *Stykkishólms,* og kemur við á *(Dönustöðum)* og *Borðeyri* í báðum leiðum.

b. Annar fer frá *Stórholti* um *Skarð, Hnúk, (Kjarlaksstaði), Staðarfell, (Knararhöfn)* og *Hvamm* svo tímanlega, að hann nái að *Búðardal* áður en fyrsti aukapóstur leggur af stað þaðan norður að *Stað,* snýr síðan aftur sömu leið að *Stórholti* eftir komu fyrsta aukapósts frá Stað.

c. Þriðji fer frá *Mjóabóli* að *Búðardal* áður en aukapóstar fara þaðan, og snýr sömu leið til baka aftur.

d. Fjórði fer frá *Borgarnesi* eftir komu Faxaflóabátsins þangað í aðalpóstferð, fer um *Munaðarnes, Dalsmynni, Sauðafell* að *Búðardal.* Eftir komu annars aukapósts snýr hann sömu leið til baka.

e. Fimti fer milli *Kleifa* og *Stórholts,* bæði eftir komu fyrsta Barðastrandarsýslupósts að Kleifum í baka leið og fyrir komu annars Barðarstrandarsýslupósts að Kleifum í norðurleið.

72

**12. Barðastrandarsýslupóstarnir eru þrettán:**

a. Fyrsti fer frá *Króksfjarðarnesi* um *Kleifa* að *Gröf* fyrir komu aðalpósts frá Ísafirði. Eftir komu hans þangað snýr hann sömu leið að *Króksfjarðarnesi.*

b. Annar fer frá *Króksfjarðarnesi* um *Kleifa* að *Gröf* fyrir komu aðalpósts frá *Stað.* Eftir komu hans þangað snýr hann sömu leið að *Króksfjarðarnesi.*

c. Þriðji fer frá *Króksfjarðarnesi* eftir komu annars aukapósts þangað frá *Gröf* um *Bæ, Kinnarstaði, Brekku, Vattarnes Brjánslæk, Haga, (Brekkuvelli), (Hlaðseyri), Patreksfjörð* og *Sveinseyri* að *Bíldudal.* Eftir komu þrettánda aukapósts frá Rafnseyri snýr hann aftur sömu leið að *Króksfjarðarnesi.*

d. Fjórði fer frá *Selárdal* fyrir komu aukapósta frá *Króksfjarðarnesi* og *Rafnseyri* um *(Fífustaði)* og *Bakka* að *Bíldudal,* og snýr eftir komu þeirra aftur að *Selárdal.*

e. Fimti fer frá *Patreksfirði,* eftir komu þriðja aukapósts þangað frá Króksfjarðarnesi, um *Sauðlauksdal* að *Saurbæ* á Rauðasandi og snýr þegar aftur til *Patreksfjarðar.*

f. Sjötti fer frá *Flatey,* eftir komu Flateyjarpóstsins þangað frá Stykkishólmi, um *(Sauðeyjar)* að *Brjánslæk,* og snýr þaðan aftur til *Flateyjar.*

g. Sjöundi fer frá *Sauðlauksdal,* eftir komu fimta aukapósts, um *Breiðuvík* að *(Hvallátrum)* og fer sömu leið til baka aftur.

h. Áttundi fer frá *Vattarnesi,* eftir komu þriðja aukapósts þangað, um *(Fjörð)* að *(Skálmarnesmúla)* og þaðan sömu leið til baka.

i. Níundi fer frá *Flatey,* þegar því verður við komið, til *(Hvallátra)* eftir komu Flateyjarpóstsins frá Stykkishólmi og snýr sömu leið til baka.

k. Tíundi fer frá *Kinnarstöðum,* eftir komu þriðja aukapósts frá Króksfjarðarnesi, um *(Reykhóla)* að *Stað* á Reykjanesi og snýr svo aftur sömu leið að Kinnarstöðum. Eftir komu þriðja aukapósts frá Bíldudal fer sami póstur sömu leið út á Reykjanes.

l. Ellefti fer frá *Brjánslæk,* eftir komu þriðja aukapósts þangað frá Króksfjarðarnesi, í 1.—4. og 13.—15. póstferð, um *Haga* yfir Fossheiði um *(Dufansdal)* til *Bíldudals* og snýr sömu leið til baka aftur.

m. Tólfti fer frá *Brekku* að *Arngerðareyri,* eftir komu aðalpósts frá Ísafirði, fer um *(Gufudal), (Eyri), (Klett)* og snýr sömu leið til baka aftur.

n. Þrettándi fer frá *Rafnseyri* til *Bíldudals,* þegar eftir komu aukapósts frá Ísafirði, og sje kominn til Rafnseyrar aftur áður en aukapósturinn frá Ísafirði snýr aftur þaðan.

**13. Ísafjarðarsýslupóstarnir eru sautján:**

a. Fyrsti fer frá *Flateyri,* eftir komu annars aukapósts þangað frá Ísafirði, að *Hesti* og snýr þaðan aftur sömu leið til baka.

b. Annar fer frá *Ísafirði,* þegar eftir komu aðalpóstsins þangað, um *Flateyri, (Veðrará), Holt* í Önundarfirði, *(Gemlufall). Þingeyri* að *Rafnseyri,* og fer sömu leið aftur til *Ísafjarðar,* eftir komu þrettánda Barðastrandarsýslupósts frá *Bíldudal.*

c. Þriðji fer frá *Ögri* um *(Hvítanes) að (Eyri)* í Skötufirði eftir komu aðalpósts frá Ísafirði.

d. Fjórði fer frá *(Gemlufalli)* um *Mýrar, (Núp)* og *(Gerðhamra)* að *(Sæbóli),* þegar eftir komu annars aukapósts þangað frá Ísafirði, og snýr aftur sömu leið.

e. Fimti fer frá *Ísafirði* eftir komu aðalpóstsins þangað, að *Suðureyri* í Súgandafirði og snýr þaðan aftur eftir eyktardvöl sömu leið til *Ísafjarðar.*

f. Sjötti fer frá *Ísafirði* eftir komu aðalpóstsins þangað, um *Hnífsdal* út í *Bolungarvík,* og snýr þaðan aftur eftir eyktardvöl sömu leið til *Ísafjarðar.*

g. Sjöundi fer frá *Ísafirði,* eftir komu aðalpóstsins þangað, um *(Arnardal), Tröð* í Álftafirði, *Eyri* í *Seyðisfirði,* að *(Kleifum),* og fer síðan sömu leið aftur til *Ísafjarðar.*

h. Áttundi fer frá *Ísafirði,* þegar eftir komu aðalpóstsins þangað, sjóveg um *Sandeyri* og

*Stað* í Grunnavík að *Hesteyri* og sömu leið aftur til Ísafjarðar.

i. Níundi fer frá *Hesteyri,* daginn eftir komu aukapóstsins þangað frá Ísafirði, í 1.—3. og 13.—15. póstferð, um *(Steinólfsstaði)* að*Höfn* á Hornströndum, stendur þar við hálft dægur og fer síðan um *(Hlöðuvík)* til *Hesteyrar* aftur.

k. Tíundi fer frá *Þingeyri,* eftir komu annars aukapósts þangað frá Ísafirði, um *Haukadal* að *(Arnarnúpi)* og snýr þaðan sömu leið til baka að *Þingeyri.*

l. Ellefti fer frá *Rafnseyri,* eftir komu aukapósts frá Bíldudal, að *(Lokinhömrum)* og snýr aftur sömu leið að *Rafnseyri.*

m. Tólfti fer frá *Stað* í Grunnavík, eftir komu áttunda aukapósts þangað, um *Dynjanda,* að *(Furufirði)* og snýr aftur sömu leið að Stað í veg fyrir póstinn frá Hesteyri.

n. Þrettándi fer frá *Holti,* eftir komu annars aukapósts að *Þorfinnsstöðum* og snýr til baka aftur að *Holti.*

o. Fjórtándi fer frá *Hesteyri,* eftir komu áttunda aukapósts þangað, að *Látrum* í Aðalvík og snýr sömu leið til baka aftur.

p. Fimtándi fer frá *Bolungarvík* um *Hnífsdal* til *Ísafjarðar* daginn áður en aðalpóstur leggur af stað þaðan og fer sömu leið til baka.

r. Sextándi fer frá *Rafnseyri,* eftir komu aukapósts frá Bíldudal, að *(Skógum)* í Mosdal og fer sömu leið til baka.

s. Sautjándi fer frá *Hesteyri,* eftir komu áttunda aukapósts, um *(Sljettu), Stað* í Aðalvík að *(Sæbóli)* og sömu leið til baka.

**14. Strandasýslupóstarnir eru tveir:**

a. Fyrsti fer frá *Ófeigsfirði* um *(Eyri)* við Ingólfsfjörð, *Norðurfjörð, Árnes, Reykjarfjörð, (Eyjar), (Svanshól), Sandnes* að *Hólmavík* og sje kominn þangað áður en aðalpóstur fer til Staðar. Eftir komu aðalpósts frá Stað snýr hann sömu leið til baka.

b. Annar fer frá *Sandnesi* eftir komu fyrsta aukapósts frá *Hólmavík* um *(Hellu), (Kleifar)* að *(Kaldrananesi)* og sömu leið til baka.

**15. Húnavatnssýslupóstarnir er ellefu:** 72

a. Fyrsti fer frá *Staðarbakka,* þegar eftir komu aðalpóstsins þangað frá Stað, um *(Ytri-Reyki), (Stóraós)* að *Hvammstanga.* Fyrir komu aðalpósts að norðan skal sami póstur fara frá *Hvammstanga* um *(Ytri-Reyki), (Stóraós)* að *Staðarbakka.*

b. Annar fer frá *Lækjamóti,* þegar eftir komu aðalpóstsins þangað frá Stað, um *(Breiðabólsstað), (Vesturhópshóla), (Ósa)* og *(Hindisvík)* að *Flatnefsstöðum.* Fyrir komu aðalpósts að norðan skal sami póstur fara sömu leið að *Lækjamóti.*

c. Þriðji fer frá *Sveinsstöðum,* eftir komu aðalpóstsins þangað að sunnan, að **Á***si* í Vatnsdal, og snýr þaðan aftur að *Sveinsstöðum.*

d. Fjórði fer frá *Blönduósi,* eftir komu aðalpóstsins að sunnan, um *(Reyki)* og *Auðkúlu* að *Guðlaugsstöðum.* Fyrir komu aðalpóstsins að norðan skal sami póstur fara frá Auðkúlu til Blönduóss.

e. Fimti fer frá *Kálfshamarsvík,* fyrir komu aðalpóstsins á norðurleið, um *(Hof), Skagaströnd* og *Höskuldsstaði* að *Blönduósi* og fer aftur sömu leið til *Kálfshamarsvíkur.*

f. Sjötti fer frá *Æsustöðum,* þegar eftir komu norðanpóstsins þangað á norðurleið, að *Bergsstöðum* og snýr þaðan aftur til baka um *(Bollastaði),* ef Svartá er fær.

g. Sjöundi fer frá *Núpdalstungu* að *Stað,* svo tímanlega að hann nái þar aðalpóstum og snýr aftur sömu leið að *Núpsdalstungu.*

h. Áttundi fer frá *Holtastöðum* um *(Kirkjuskarð)* að *(Refsstöðum)* eftir komu aðalpóstsins á norðurleið, og snýr aftur beina leið að *Holtastöðum.*

i. Níundi fer frá *Bergsstöðum* til *Æsustaða* fyrir komu aðalpósts á suðurleið.

k. Tíundi fer frá *Skagaströnd* um *Höskuldsstaði* til *Blönduóss* fyrir komu aðalpósts á suðurleið.

l. Ellefti fer frá *Ási* í Vatnsdal að *Sveinsstöðum* fyrir komu aðalpósts þangað frá Akureyri.

72 **16. Skagafjarðarsýslupóstarnir eru átta:**

a. Fyrsti fer frá *Víðimýri,* eftir komu norðanpóstsins þangað frá Stað, um *Mælifell* að *Goðdölum* og sömu leið aftur að *Víðimýri.*

b. Annar fer frá *Sauðárkróki,* þegar eftir komu sjöunda aukapósts þangað, um *Ás, Lón, Kolkuós, (Ósland), Hofsós, Fell, Haganesvík* og *(Hraun)* til *Siglufjarðar* og snýr aftur sömu leið eftir 24 stunda dvöl þar í 1.—5. og 13.—15. ferð, en eftir 12 stunda dvöl í 6.—12. ferð.

c. Þriðji fer frá *Sauðárkróki,* eftir komu sjöunda aukapósts frá Víðimýri, um *(Veðramót), Sæfarland* í Laxárdal, *(Selnes)* að *(Hrauni)* og snýr aftur til *Sauðárkróks.*

d. Fjórði fer frá *Lóni,* eftir komu annars aukapósts þangað frá Sauðárkróki, um *Viðvík* að *Hólum,* og snýr þaðan aftur að *Lóni.*

e. Fimti fer frá *Sauðárkróki,* svo tímanlega, að hann sje kominn að *Víðimýri* áður en norðanpóstur fer suður um. Eftir komu hans frá Akureyri snýr hann aftur sömu leið til *Sauðárkróks* og kemur við á *Reynistað* og *(Halldórsstöðum)* í báðum leiðum.

f. Sjötti fer frá *Miklabæ* í Blönduhlíð eftir komu aðalpósts á norðurleið, um *Frostastaði* og *(Hofstaði)* að *Lóni* og sömu leið til baka til *Miklabæjar.*

g. Sjöundi fer frá *Sauðárkróki* um *Reynistað* og *(Halldórsstaði)* til *Víðimýrar* áður en aðalpósturinn frá Stað fer norður um og snýr sömu leið til baka aftur.

h. Áttundi fer frá *Sauðárkróki* í 1.—5. og 13.—15. ferð, eftir komu fimta aukapósts frá Víðimýri, um *Lón, Hóla* og *Hofsós* og snýr aftur um *Kolkuós* og *Lón* til *Sauðárkróks.*

**17. Eyjafjarðarsýslupóstarnir eru fjórir:**

a. Fyrsti fer frá *Akureyri,* eftir komu norðanpóstsins þangað frá Stað, um *Svalbarðseyri, Hjalteyri, (Árskógssand), Dalvík, Ólafsfjörð,* til *Siglufjarðar* og snýr aftur þaðan til *Akureyrar* um *Ólafsfjörð, Dalvík, Hrísey, Grenivík, Hjalteyri* og *Svalbarðseyri.*

b. Annar fer frá *Akureyri,* eftir komu aðalpósts þangað frá Stað, um *(Kropp), Grund* og *Saurbæ* að *(Jórunnarstöðum),* og fer um *(Munkaþverá)* og *Þverá* aftur til *Akureyrar.*

c. Þriðji fer frá *Dalvík,* eftir komu fyrsta aukapósts frá Akureyri, um *(Velli), (Syðra-Hvarf), (Tjörn)* og *(Mela)* og snýr aftur aftur sömu leið að *Dalvík.*

d. Fjórði fer frá *Akureyri,* eftir komu aðalpósts frá Stað að *Spónsgerði.* Þaðan um *(Þúfnavelli), (Myrká)* og *(Bægisá)* til *Akureyrar* aftur.

**18. Þingeyjarsýslupóstarnir eru tíu:**

a. Fyrsti fer frá *Ljósavatni,* eftir komu Seyðisfjarðarpóstsins þangað frá Akureyri, fram Bárðardal austan Fljóts, að *Lundarbrekku* og þaðan út dalinn aftur að vestan að *Ljósavatni.*

b. Annar fer frá *Grenjaðarstað,* eftir komu aðalpóstsins frá Akureyri, um *(Halldórsstaði), (Þverá)* og *(Ljótsstaði)* að *Skútustöðum* og þaðan aftur að *Grenjaðarstað.*

c. Þriðji fer frá *Húsavík,* um *(Laxamýri),* að *Grenjaðarstað,* fyrir komu aðalpósts þangað á austurleið. Eftir komu hans frá Akureyri fer hann um *(Garð), (Laxamýri), Húsavík* og *(Hjeðinshöfða)* að *Víkingavatni,* og snýr aftur sömu leið að *Grenjaðarstað,* og skal hann ná aðalpóstinum á leið til Akureyrar, og fer því næst aftur til *Húsavíkur.*

d. Fjórði fer frá *Vopnafirði,* um *(Hvammsgerði), Höfn* í Bakkafirði, *Þórshöfn, Svalbarð* og *Skinnastað* til *Víkingavatns* og mætir þar Grenjaðarstaðapósti. Pósturinn snýr aftur sömu leið til *Vopnafjarðar.*

e. Fimti fer frá *Raufarhöfn* um *(Grjótnes), Kópasker, (Presthóla), Skóga* að *Víkingavatni,* svo tímanlega að hann verði þangað kominn fyrir komu aukapóstanna frá Grenjaðarstað og Vopnafirði, og snýr aftur til *Raufarhafnar,* þegar eftir komu umgetinna aukapósta að Víkingavatni.

f. Sjötti fer frá *Hálsi* eftir komu aðalpósts frá Akureyri, um *Garð* að *Brettingsstöðum,* og snýr þaðan aftur sömu leið að *Hálsi.*

g. Sjöundi fer frá *Ljósavatni,* eftir komu aðalpóstsins þangað frá Akureyri, að *Þóroddstað í* Kinn og snýr þaðan aftur sömu leið til baka.

h. Áttundi fer frá *Hálsi,* eftir komu aðalpóstsins þangað frá Akureyri, að *(Illugastöðum)* og sömu leið til baka aftur.

i. Níundi fer frá *Þórshöfn,* eftir komu fjórða aukapósts þangað frá Víkingavatni, um *(Sauðanes), (Heiði)* að *Læknisstöðum* og snýr sömu leið til baka. Í 7.—11. ferð fer pósturinn alla leið að *Skálum.*

k. Tíundi fer frá *Brettingsstöðum,* eftir komu sjötta aukapósts frá Hálsi, út í *Flatey* og til baka aftur.

**19. Múlasýslupóstarnir eru átta:**

a. Fyrsti fer milli *Seyðisfjarðar* og *Vopnafjarðar.* Hann fer frá *Seyðisfirði* svo tímanlega, að hann nái Eskifjarðarpósti á *Egilsstöðum* á austurleið. Þaðan fer hann um *Eiða, Hjaltastað, Kirkjubæ* í Hróarstungu, *Sleðbrjót, (Torfastaði),* og *(Vindfell)* á Vopnafjörð og snýr aftur þaðan eftir sólarhringsdvöl sömu leið á *Seyðisfjörð.*

b. Annar fer frá *Seyðisfirði* eftir komu aðalpóstsins þangað frá Akureyri, um *Stakkahlíð, (Nes)* og *(Dalland)* til Borgarfjarðar og sömu leið aftur til *Seyðisfjarðar.*

c. Þriðji fer frá *Hjaltastað,* eftir komu Vopnafjarðarpósts þangað frá Seyðisfirði, um *(Kóreksstaði)* og *(Njarðvík)* til *Borgarfjarðar* og snýr aftur sömu leið.

d. Fjórði fer frá *Egilsstöðum,* þegar eftir komu aðalpóstanna á austurleið, um *(Vallanes), (Hallormstað)* að *Valþjófsstað* og þaðan aftur vestan Lagarfljóts um *(Ás)* í Fellum, að *Egilsstöðum.*

e. Fimti fer frá *Skjöldólfsstöðum,* þegar eftir komu aðalpóstsins þangað frá Akureyri, að *Eiríksstöðum* á Jökuldal og heldur sömu leið aftur að *Skjöldólfsstöðum.*

f. Sjötti fer frá *Djúpavogi,* þegar eftir komu aðalpóstsins þangað frá Hólum, í 1.—4. og 13.—15. ferð, um *(Berunes), Breiðdalsvík, Stöðvarfjörð, Fáskrúðsfjörð, (Hafranes), Reyðarfjörð* og *(Hólma)* að *Eskifirði,* og sömu leið aftur til *Djúpavogs.* Í 5.—12. ferð gengur póstur þessi að eins til *Fáskrúðsfjarðar,* og þó því að eins, að eigi náist í skipaferð. 72

g. Sjöundi fer frá *Eskifirði,* þegar eftir komu sjötta aukapósts þangað frá Djúpavogi, í 1.—4. og 13.—15. ferð, um *Norðfjörð, Mjóafjörð* og *(Fjörð)* til *Seyðisfjarðar* og snýr þaðan aftur sömu leið á *Eskifjörð.*

h. Áttundi fer frá *Eskifirði* til *Karlskála,* eftir komu aðalpósts í hverri ferð og sömu leið til baka.

**20. Skaftafellssýslupóstarnir eru sex:**

a. Fyrsti fer frá *(Ásum),* þegar eftir komu aðalpóstsins þangað frá *Garðsauka,* um *(Botn)* að *Rofabæ.*

b. Annar fer frá *Kirkjubæjarklaustri,* eftir komu aðalpóstsins þangað frá Garðsauka, að *(Holti).*

c. Þriðji fer frá *Rofabæ* að *Herjólfsstöðum,* fyrir komu aðalpósts þangað á vesturleið, þegar Kúðafljót er fært.

d. Fjórði fer frá *Kirkjubæjarklaustri,* eftir komu aðalpósts frá *Garðsauka,* um *(Þykkvabæ)* og *(Seglbúðir)* að *(Efri-Steinsmýri).*

e. Fimti fer frá *Flögu,* um *(Hemru)* að *Borgarfelli,* eftir komu aðalpósts frá Garðsauka.

f. Sjötti fer frá *Fossi* að *(Hruna)* eftir komu aðalpósts í þeim ferðum, þegar hann fer eigi austur Brunasand.

**21. Rangárvallasýslupóstarnir eru sjö:**

a. Fyrsti fer frá *Þjórsárbrú,* þegar eftir komu aðalpóstsins þangað frá Reykjavík, um *Marteinstungu* og *(Holtsmúla)* að *Fellsmúla* á Landi og snýr þaðan aftur að *Þjórsárbrú.*

b. Annar fer sömuleiðis frá *Þjórsárbrú,* jafnsnemma hinum fyrnefnda, um *(Ás), (Háf)* í Háfshverfi að *Nýjabæ* í Þykkvabæ og snýr aftur beina leið að *Þjórsárbrú.*

c. Þriðji fer frá *Garðsauka,* þegar eftir komu aðalpóstsins þangað frá Reykjavík, um *(Breiðabólstað)* að *Hlíðarenda* í Fljótshlíð og þaðan aftur sömu leið að *Garðsauka,*

72 d. Fjórði fer frá *Garðsauka* að *Kálfsstöðum* í Landeyjum eftir komu aðalpóstsins á austurleið, og snýr þegar aftur að *Garðsauka*.

e. Fimti fer frá *Ægisíðu* um*(Odda)*,*(Kirkjubæ)*, *(Reyðarvatn)* að *(Keldum)* daginn eftir komu aðalpósts og fer aftur um*(Stórahof)* að *Ægisíðu*.

f. Sjötti fer frá *Ossabæ*, eftir komu aðalpósts frá *Garðsauka*, að *(Hallgeirsey)* um *(Kanastaði)*, *(Skíðabakka)* og *(Miðey)*.

g. Sjöundi fer frá *Marteinstungu* að *(Haga)*, eftir komu fyrsta aukapósts þangað, og snýr sömu leið til baka.

**22. Árnessýslupóstarnir eru ellefu:**

a. Fyrsti fer frá *Ölfusárbrú*, þegar eftir komu aðalpóstsins þangað frá Reykjavík, í 1.—7. og 12.—15. póstferð, um *(Alviðru)*, *(Torfastaði)* og *Villingavatn* að *Þingvöllum*, og snýr þaðan aftur að *Ölfusárbrú*. Í 8.—11. ferð fer póstur þessi að eins að *Villingavatni*.

b. Annar fer frá *Hraungerði*, sem fyrst eftir komu aðalpóstsins frá Reykjavík, um Ölfusárbrú og Sogsbrú, *Klausturhóla*, *(Stóruborg)*, *Mosfell* og *Torfastaði* að *Brekku* og þaðan aftur sömu leið að *Hraungerði*.

c. Þriðji fer sömuleiðis frá *Hraungerði*, sem fyrst eftir komu aðalpóstsins frá Reykjavík, um *(Ólafsvelli)* og *Reyki* á Skeiðum að *Stóra-Núpi* og þaðan aftur að *Hraungerði*.

d. Fjórði fer frá *Reykjum*, eftir komu Hraungerðispóstsins þangað, um *Birtingaholt* að *Hruna* og heldur sömu leið til baka aftur.

e. Fimti fer frá *Hraungerði*, sem fyrst eftir komu aðalpóstsins frá Reykjavík, um *(Hróarsholt)* að *Brandhúsum* og snýr þaðan aftur um *(Arabæ)* og *(Villingaholt)* að *Hraungerði*.

f. Sjötti fer frá *Mosfelli*, eftir komu annars aukapósts, að *Laugardalshólum* og snýr aftur sömu leið.

g. Sjöundi fer frá *Torfastöðum*, eftir komu annars aukapósts þangað, að *(Króki)* og snýr þaðan aftur að *Torfastöðum*.

h. Áttundi fer frá *Eyrarbakka*, í 1.—7. og 13.—15. póstferð, svo tímanlega, að hann sje kominn að *Ölfusárbrú* áður en aðalpóstur leggur á stað þaðan austur. Frá *Ölfusárbrú* fer hann aftur um*(Sandvík)* og *(Kaldaðarnes)* til *Eyrarbakka*. Þaðan fer hann um *(Stóra-Hraun)* til *Stokkseyrar*.

i. Níundi fer frá *Eyrarbakka* um *Stokkseyri* til *Ölfusárbrúar* í 1.—7. og 13.—15. póstferð svo tímanlega að hann nái þar aðalpósti á bakaleið; eftir komu hans snýr hann aftur til *Eyrarbakka* og *Stokkseyrar*.

k. Tíundi fer frá *Kotströnd*, eftir komu aðalpósts frá Reykjavík,um*(Vorsabæ)*,*(Hjalla)*, *Þorlákshöfn* og *(Nes)* til *Stakkavíkur* og snýr sömu leið til baka.

l. Ellefti fer frá *Klausturhólum*, eftir komu annars aukapósts frá Hraungerði, að *(Kiðjabergi)* og snýr svo til baka, en kemur við í *(Heyvík)* í annari hvorri leiðinni

**Atvinnu- og samgöngumálaráðherrann.**

**Klemens Jónsson.**

*S. Briem.*